

Hvaða 5 km reitir samkvæmt nýja reitakerfinu eru auðir?

Þegar flóruvinir hafa komist upp á lag með að nota nýja reitakerfið, er næsta skref að koma til þeirra upplýsingum um það hvaða reitir eru vanskráðir. Þá geta flóruvinir valið sér reiti til að fást við, og síðan sent plöntulista úr þeim reitum þegar skráningu er lokið.

Undanfarið hefur verið unnið að því í gagnagrunni plantna að koma inn merkingu nýju reitanna í staðarskrána sem tengd er gagnagrunninum. Þegar því er lokið verður hægt að fá út skrá yfir alla 5 x 5 km reiti sem vanskráðir eru. Væri þá hvort heldur er hægt að senda þá skrá sem excelskjál í tölvupósti til þeirra sem óska eftir því, eða þá að birta listann á vefsíðunni www.floraislands.is. Þá geta flóruvinir skoðað það svæði sem þeir koma helst til með að vinna á, og séð hvar vantar upplýsingar í þeirra nágrenni.

Síðan þyrfti í framtíðinni að koma á meira samstarfi milli flóruvina, þannig að þeir hittist, fari saman í plöntuskoðunarferðir og aðstoði hvern annan við skráningar. Þetta er mikið tíðkað meðal erlendra félaga, t.d. á Norðurlöndunum þar sem áhugamannafélög hafa lagt mjög mikið af mörkum við könnun á útbreiðslu plantna og gerð útbreiðslukorta. Einnig er stundum boðað til átaks á lítt könnuðum svæðum þar sem menn hittast og skipta sér niður á vanskráða reiti, gera plöntulista, safna torkennilegum tegundum og bera sig saman á eftir. Að mínu mati gæti verið áhugavert fyrir flóruvini að taka þátt í svona samstarfi, því takmarkið er bæði að læra betur að greina tegundirnar, og safna meiri upplýsingum um útbreiðslu plantnanna.

Gaman væri að heyra álit flóruvina sjálfra, og vil ég hvetja þá til að senda skýti til mín á hkris@ni.is eða hkris@nett.is og gæti þá einnig verið áhugavert að kynna þær skoðanir í Ferlaufungi. Ef til vill verður endirinn sá, að stofnað verði formlegt félag um þessa starfsemi, líkt og gert hefur verið í nágrennalöndunum.



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Borgum við Norðurslóð Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 460 0500 Bréfasími 460 0501

Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 59000500 Bréfasími 590 0595

© Náttúrufræðistofnun Íslands Ábm.: Hörður Kristinsson Netfang: hkris@ni.is


Vöktun válistaplantna

Undanfarin ár hefur verið í gangi verkefni sem nefnist vöktun válistaplantna. Það hefur verið unnið samkvæmt samstarfssamningi milli Náttúrufræðistofnunar Íslands, Grasagarðs Reykjavíkur og Lystigarðsins á Akureyri. Markmið verkefnisins hefur verið tvíþætt: Annars vegar að staðsetja plönturnar með GPS-tækni, mæla stærð vaxtarsvæðisins og áætla magn þeirra, og hins vegar að safna lifandi sýnishorni þeirra til ræktunar í grasagörðunum. Umhverfisráðuneytið veitti leyfi til þess að taka sýnishorn friðaðra plantna, væru þær til í ásættanlegu magni.

Góðar upplýsingar um magn plantnanna, stærð vaxtarsvæðisins og um það hvort þeim fer fram eða hvort þeim hrakar, eru forsenda þess að hægt sé að meta stöðu og flokkun plantnanna með tilliti til válista. Slík vöktun þarf því að fara fram með nokkurra ára millibili ef vel á að vera.

Við þetta verk hefur komið í ljós, að flestar innlendar plöntur eru mjög stöðugar á sínu vaxtarsvæði, og oftast hægt að ganga að þeim aftur á svipuðum slóðum þótt liðin kunni að vera 50-100 ár síðan þeirra var síðast vitjað. Dæmi um slíkt er ein sjaldgæfa planta landsins, skeggburkni. Hann fannst fyrst í einni klettaskoru í Höfðahverfi við Eyjafjörð um 1960. Í klettaskorunni voru tvær plöntur þegar hann fannst, en hvergi fannst neitt meira í nágrenninu. Árið 2005 voru þessar tvær plöntur enn á sama stað, án nokkurrar fjölgunar.

Vitað er um eina plöntu, daviðslykil, sem er með vissu útdauð á sínum vaxtarstað, á Hámundarstöðum við Eyjafjörð. Um afdrif tveggja til viðbótar er ekki vitað með vissu, en þær hafa ekki fundist þrátt fyrir nokkra leit. Önnur þeirra er mosaburkni sem vitað var um í Deildarárgili í Mýrdal, en hin er flæðarbúi eða flæðaskurfa sem ekki fannst á vaxtarstað sínum í Langeyjarnesi. Hún hafði einnig fundist í Efri-Langey og Purkey á Breiðafirði, en eftir er að ganga úr skugga um hvort hún vex þar enn.



FERLAUFUNGUR

Fréttabréf flóruvina

Áhugamannahóps um verndun og rannsóknir á íslensku flórunni

Dagur hinna villtu blóma Reitkerfi til skráningar á útbreiðslu plantna 17. júní 2007

Dag hinna villtu blóma ber í ár upp á 17. júní. Ekki er ljóst hvernig það kemur út hér á Íslandi, þar sem dagurinn er þjóðhátíðardagur. Reynslan verður að skera úr um það. Eins og áður er hugmyndin að bjóða upp á ókeypis leiðsögn í plöntuskoðun í tvo tíma með stuttri gönguferð sem víðast um landið. Hér með er óskað eftir sjálfbóðaliðum til að taka að sér leiðsögn, og væri best að þeir gæfu sig fram á hkris@ni.is. Fljótlega verður haft samband við þá sem tóku daginn að sér í fyrra, til að kanna hvort þeir séu reiðubúnir að endurtaka leikinn.

Finnar hafa í ár sótt um og fengið nokkurn styrk til að standa undir kostnaði við blómardaginn á Norðurlöndum. Þar sem sá styrkur er ekki bundinn formlegum félagsskap eins og verið hefur, lítur út fyrir að við getum notið góðs af honum hér á Íslandi og kostað einhverju til að auglýsa daginn. Verður fróðlegt að sjá hvort það leiðir til meiri þátttöku.

Eins og áður verða plöntuskoðunarferðirnar kynntar á vefsíðunni www.floraislands.is, þ.e. hvar á landinu þær verða haldnar, svo og hvar og hvenær fólk eigi að mæta.



Eins og kunnugt er, hefur 10 x 10 km reitkerfi lengi verið notað til að skrá útbreiðslu plantna á Íslandi, og eru öll útbreiðslukort bæði á flóruvefsíðunni og í plöntuvefsjóni byggð á því kerfi. Sumir flóruvinir hafa fengið send ljósrít sem sýna reitkerfið á þeim svæðum sem þeir hafa einkum skoðað, og einnig glærur sem skipta reitunum niður í 2 x 2 km reiti og 1 x 1 km reiti, til að auðvelda staðsetningu plöntulistanna.

Þetta reitkerfi var heimatilbúið fyrir 1970 af grasafraeðingum ef svo má segja, byggt á kortblaðaskiptingu gömlu herforingjaráðskortanna í mælikvarða 1:100.000. Ekkert slíkt reitkerfi var þá í notkun á Íslandi, þótt sum nágrennalöndanna hefðu tekið svipuð reitkerfi í notkun.

Nú hafa Landmælingar Íslands í samvinnu við LISU-samtökin hannað nýtt, samræmt reitkerfi fyrir allt landið. Aðgangur að þessu reitkerfi var nýlega opnaður á netinu á þjónustusíðu LMI. Það er þegar komið inn í hugbúnað nýrri GPS-tækja, og er þá hægt að stilla þau á „Icelandic grid“ og nota þau til að staðsetja sig í reiti. Trúlega verður það einhvern tíma einnig aðgengilegt á prentuðum landabréfum. Þessu nýja kerfi hefur verið gefið nafnið **Reitkerfi Íslands**, og mun ég hér á eftir lýsa því nánar. Þegar er langt kominn undirbúningur til að koma öllum gögnum Náttúrufræðistofnunar yfir í nýja reitkerfið, og við væntum þess að flóruvinir verði fljótir að tileinka sér þetta kerfi og nota við að staðsetja plöntu-

fundi. Þá verður ekki lengur þörf á að nota ljósrituð kort eða glærur til þeirra hluta.

Reitakerfi Íslands

Nýja reitakerfið er gert í 6 mismunandi reitastærðum: 50 km, 10 km, 5 km, 1 km, 500 m og 100 m. Við útbreiðslu plantna komum við einkum til með að nota 5 x 5 km reiti og 1 x 1 km reiti. Stærri reitina myndum við einkum nota fyrir kortlagningu, og kosta kapps að ná á komandi árum upplýsingum úr öllum 5 x 5 km reitum. Það er svipað markmið og Danir vinna eftir. Minni reitirnir, 1 x 1 km, mundu einkum verða notaðir til nákvæmari staðsetningar fyrir þá sem ekki nota GPS-tæknina. Til þess væri trúlega auðveldast að setja það reitakerfi upp á kortadiskum LMI sbr. leiðbeiningar hér á eftir, og prenta út reitakort þess svæðis sem unnið er á og nota það til staðsetningar á vettvangi.


Í dag höfum við á Íslandi náð því marki að hafa þökkalega góðar upplýsingar um plöntur í öllum 10 x 10 km reitum. Um leið og við tökum upp nýja reitakerfið setjum við markið hærra og tökum upp fínriðnara net, 5 x 5 km. Í því kerfi eru í upphafi margir reitir auðir og án upplýsinga. Það verða því nóg verkefni fram undan fyrir flóruvini og aðra sem rannsaka útbreiðslu plantna, að skoða alla þá reiti sem bætast við.

Hið nýja Reitakerfi Íslands notar 19. lengdarbauginn og 65. breiddargráðuna sem grunnlínur. Grunnlínurnar fá töluna 500, og út frá 19. lengdarbaugnum eru mældir kílómetrarnir með hækkandi tölum til austurs, en lækkandi til vesturs. Út frá 65. breiddargráðunni eru kílómetrarnir taldir hækkandi til norðurs, en lækkandi til suðurs. Hæstu reitanúmerin eru því nyrst og austast á landinu, Fontur á Langanesi er í 1 km reit 699-660, en þau lægstu syðst og vestast, Reykjanestá í 317-371.

Hver 1 x 1 km reitur er þannig táknaður með tveim þriggja stafa tölum. Reitur sem er 13 km austan við 19. bauginn og 6 km norðan við 65. breiddargráðuna fær því nafnið 513-506. Sams konar tölur eru notaðar á 5 x 5 km reitakerfið, nema þar er aðeins notuð 5. hver tala, þ.e. tölur sem ganga upp í 5. Reiturinn 513-506 er því inni í 5 km reitnum 510-505.

GPS-tæki sem stillt er á „Icelandic grid“ mælir staðsetningu eftir sömu reglum út frá sömu grunnlínunum. Það gefur upp tvær 6 stafa tölur, sem sýnir fjarlægð frá grunnlínunum í metrum. Við lesum aðeins 3 fremstu stafina af hvorri tölu til að fá númer 1 x 1 km reitanna.

En hvernig geta flóruvini nálgast þetta nýja Reitakerfi Íslands? Nýlega er búið að opna reitakerfið á vef Landmælinga Íslands á slóðinni



1. mynd. Reitakerfi Íslands (5 km reitir) eins og það birtist við Akureyri á skjákorti á vefsíðu Landmælinga Íslands.

<http://atlas.lmi.is/kortaskjar/viewer.htm>. Einnig er hægt að komast inn á það beint af vefsíðu LMI með því að velja kortaskjá. Til þess þarf að þysja inn á kortið með músinni með því að merkja ferning um það svæði sem við viljum stækka og skoða. Hægra megin er hægt að velja mismunandi lög á kortið, og með því að haka við reiti fáum við upp reitakerfið. Það fer svo eftir því hvað við þysjum langt inn á kortið, hvort við fáum 50km reitakerfi, 10 km, 5 km eða 1 km reiti. Það skiptir um kerfi eftir því sem við þysjum lengra inn og afmörkum smærri reiti á kortinu. Reitirnir eru merktir fullu nafni með reitstærð og númerum.

Önnur einföld leið til að nálgast Reitakerfi Íslands er að kaupa kortadisk Landmælinganna, annað hvort 1:250.000 eða gömlu Atlasblöðin í

1:100.000. Á þessum kortum er ekkert reitakerfi fyrir en notandinn hefur sett það upp. Diskunum fylgir hugbúnaður sem heitir Visit, og í honum er auðvelt að setja reitakerfið upp.

Þið byrjið þá á því að velja „File“ og „New project“ og finnið svo möppuna „maps“ og opnið eitthvert þeirra korta sem þar eru.


Til þess að setja upp reitakerfið smellið þið á „Map window“ efst á glugganum og veljið „properties“. Þá opnast nýr gluggi og þið smellið á „grid“. Þá er komið umhverfið sem notað er til að búa til reitakerfið. Þið byrjið á að haka við „show coordinate system grid“. Þá birtist í vallista hægra megin sjálfgefið „Lambert 1 parallel“. Þið breytið valinu í „Lambert 2 parallel“. Síðan veljið þið stærð reitanna lítið eitt neðar þar sem stendur X interval og Y interval. Þið setjið þar inn 5 km eða 1 km eftir vild. Að lokum getið þið valið sverleika línunnar, eða lit reitakerfisins. Að lokum er smellt á OK neðst í glugganum og þá birtist reitskiptingin á kortinu. Þá er rétt að vista reitakerfið með nýju nafni, og getið þið þá alltaf sótt það síðar undir því nafni með sömu

reitskiptingu.

Nú er aðeins eftir að merkja reitina með númerum, ef þið viljið prenta út reitakerfi ákveðins svæðis. Hnit þess staðar sem bendillinn vísar á á kortinu birtist á stiku neðan við kortið til vinstri í tveim 6 stafa tölum. Þær sýna metrafjölda talið frá grunnlínunum kerfisins. Þrír fyrstu tölustafir hvorrar tölu sýna númer 1 x 1 km reitanna. Til að fá númer 5 km reitsins þurfið þið að færa bendilinn í neðra horn reitsins vinstra megin, og þá sýna 3 fyrstu tölustafirnir númer 5 km reitsins, sem ætti að enda á 5 eða 0. Það er auðvelt að setja númer reitsins inn með hugbúnaðinum með því að smella á „draw“ og velja „text“, fara síðan með bendilinn á kortið í viðkomandi reit og smella þar. Þá birtist gluggi til að skrifa í textann, þ.e. númer reitsins, þar sem einnig er hægt að velja leturstærð, lit og fleira.

Þegar búið er að merkja alla reiti á því svæði sem þið ætlið að vinna með, er hægt að prenta þann hluta kortsins út, til notkunar á vettvangi.

Vonandi gengur svo vel að nýta reitakerfið, hvaða aðferð sem þið veljið. Ef aðstoð vantar við



2. mynd.. Reitakerfi Íslands (5km reitir) uppsett á kortadiski Landmælinga Íslands (1:250.000) á svæði við skurðpunkta grunnlína kerfisins við norðvestanverðan Hofsjökul. Reitanúmer hafa verið sett inn með Visit-hugbúnaðinum sem fylgir diskunum.